

# TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA OG RÖKSTUÐNINGUR

LAGT FRAM Á ÁRSFUNDI SJÓÐSINS 6. MAÍ 2015

---

Stjórn EFÍA hyggst leggja fram meðfylgjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins á ársfundi sjóðsins 6 maí nk. Rétt er að skipta breytingunum í þrjá þætti, breytingar á makalífeyri, breytingar á barnalífeyri og aðrar breytingar. Í framhaldi af ársfundinum verður efnt til atkvæðagreiðslu meðal sjóðfélaga um samþykktarbreytingarnar. Hægt verður að samþykkja breytingarnar í heild sinni eða taka afstöðu til breytinganna í þeim þremur flokkum sem að ofan greinir.

## BREYTINGAR Á MAKALÍFEYRI

Veigamesta breytingin sem felst í tillögunum snýr að réttindum vegna makalífeyris. Lagt er til að í stað þess að réttindaávinnsla miðist við ævilangan makalífeyri við fráfali sjóðfélaga, verði makalífeyrir greiddur tímabundið. Fullur makalífeyrir greiðist í 24 mánuði eftir fráfali sjóðfélaga og eftir það hálfur makalífeyrir í 36 mánuði. Verði þessar breytingar samþykktar munu þau iðgjöld sem greidd verða í sjóðinn frá 1. janúar 2016 ganga til öflunar tímabundinna makalífeyrisréttinda, sem gefur aukið svigrún til að efla ellilífeyrisréttindi. Þetta nýja fyrirkomulag mun að óbreyttu auka ellilífeyrisréttindi um allt að 10% eftir aldri sjóðfélaga.

Jafnframt er gerð tillaga um að hlutfall makalífeyris af lífeyrisréttindum hækki lítillga, eða úr 48% af ellilífeyrisréttindum í 50% og úr 64% af örorkulífeyrisréttindum í 2/3 hluta.

**Áréttað er að þau réttindi sem sjóðfélagar hafa áunnið sér fyrir 1. janúar 2016 verða óbreytt, þ.e. þau hafa og munu tryggja ævilangan makalífeyri áfram.**

## BREYTINGAR Á BARNALÍFEYRI

Lagt er einnig til að barnalífeyrir taki breytingum. Í stað þess að miða barnalífeyri við hlutfall af örorku-eða makalífeyrisréttindum er lagt til að barnalífeyrir verði föst krónutala á mánuði, þ.e. kr. 20.000 með hverju barni vegna örorku og kr. 30.000 með hverju barni vegna andláts sjóðfélaga. Fjárhæðir þessar taki breytingum með vísitölu neysliverðs til verðtryggingar. Um

leið er lagt til að barnalífeyrir verði greiddur til 20 ára aldurs barnsins í stað 24 ára eins og nú er. Lágmarksfjárhæðir barnalífeyris samkvæmt lögum eru nú kr. 13.517 vegna örorku og kr. 18.432 vegna andláts og skal greiða barnalífeyri til 18 ára aldurs. Tillaga stjórnar gerir því ráð fyrir nokkru hærri lífeyri og lengri greiðslutíma en lög áskilja. Þá telur stjórn sanngjarnt að börn sjóðfélaga njóti jafnræðis og greiðslur til þeirra miðist ekki við hlutfall af lífeyrisréttindum.

Þetta nýja fyrirkomulag mun að óbreyttu auka ellilífeyrisréttindi um allt að 2% eftir aldri sjóðfélaga.

## AÐRAR BREYTINGAR

Aðrar breytingar sem stjórn leggur til hafa ekki áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Almennt er um breytingar að ræða sem miða að því að samræma orðalag og lagfæra. Mesta breytingin felst í gr. 12 um örorkulífeyri, sem hefur þótt tyrfin aflestrar. Greinin er nú umorðuð í heild sinni og um leið er það verklag sem tíðkast hefur hjá sjóðnum varðandi meðferð örorkuumsókna betur fest í sessi.

Í gr. 18.2 er áréttað að ellilífeyrir greiðist ekki aftur í tímann. Er þetta í samræmi við túlkun Fjármálaeftirlitsins og Fjármála- og efnahagsráðuneytisins á lögum 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða um að óheimilt sé að greiða ellilífeyri afturvirk. Þetta á þó ekki við um það þegar 70 ára aldri er náð og seinkun lífeyristöku hefur ekki réttindaaukningu í för með sér. Ákvæðið á ekki heldur við um örorku- barna- eða makalífeyri en skylda sjóðsins takmarkast þá við greiðslur aftur í tímann í fjögur ár, sem er í samræmi við lög um fyrningu.

Um aðrar breytingar vísast til rökstuðnings með einstökum greinum.

# TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA OG RÖKSTUÐNINGUR

LAGT FRAM Á ÁRSFUNDI SJÓÐSINS 6. MAÍ 2015

---

## **Breytingar á 13. gr. um makalífeyri**

13.1. Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins í tvö ár eða lengur og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á ~~ævilöngum~~ lífeyri úr sjóðnum, sbr. þó gr. 13.32.

13.2. Við fráfall sjóðfélaga er greiddur makalífeyrir til eftirlifandi maka.

Vegna iðgjalda sem greidd eru eftir 1. janúar 2016 skal greiddur fullur makalífeyrir í 24 mánuði. Að þeim tíma liðnum greiðist hálfur makalífeyrir í 36 mánuði. Hafi makinn hins vegar barn yngra en 20 ára á framfæri sem sjóðfélaginn framfærði áður, eða ef makinn er 50% öryrki og yngri en 67 ára, skal fullur makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Vegna áunninna réttinda og iðgjalda sem greidd eru fram til 1. janúar 2016 skal greiddur ævilangur makalífeyrir.

13.32. Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélagi eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagsins. ~~Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.~~ Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til óvígðrar sambúðar, ~~sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar~~, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins. ~~Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.~~

13.43. Full makalífeyrisréttindi eru hverju sinni ~~48%–50%~~ af óskiptum ellilífeyris- eða ~~64%–2/3~~ af örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagsins við fráfall hvort sem gefur hærri réttindi. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Áunnin réttindi makalífeyrisþega hverju sinni skulu nema áunnum makalífeyrisréttindum við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna framreiknaðs makalífeyris í hlutfallinu tími frá úrskurði af heildarframreikningstíma. Ef búið er að skerða makalífeyrisgreiðslur, þá skerðast reiknuð áunnin réttindi eins og að framan greinir jafn mikið. Til viðbótar eða frádráttar þannig reiknuðum áunnum réttindum koma úthlutuð aukningar- eða skerðingarréttindi frá því að taka makalífeyris hófst þó þannig að hver aukning eða skerðing er margfölduð með núverandi hlutfalli af óskertum makalífeyri af hlutfallinu við úthlutun.

Lagt er til að í stað þess að greiddur sé ævilangur makalífeyrir, verði fullur makalífeyrir greiddur í 24 mánuði eftir andlát sjóðfélaga og hálfur makalífeyri í 36 mánuði eftir það.

**Athuga ber í þessu samhengi að áunninn réttur sjóðfélaga til ævilangs makalífeyris heldur sér fram að gildistíma nýrra samþykka, sem miðast við 1. janúar 2016, en iðgjöld í sjóðinn eftir það tryggja makalífeyri samkvæmt breyttum samþykktum.**

Þá er gert ráð fyrir að makalífeyrir nemi 50% af ellilífeyrisréttindum í stað 48% eins og nú er eða 2/3 af örorkulífeyrisréttindum sjóðfélaga, í stað 64% eins og nú er, hvort sem gefur hærri réttindi.

Auk þessa er orðalag í greininni lagfært til að gæta samræmis.

# TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA OG RÖKSTUÐNINGUR

## LAGT FRAM Á ÁRSFUNDI SJÓÐSINS 6. MAÍ 2015

---

### 14. gr.

#### **Barnalífeyrir.**

14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða sjóðfélagi uppfyllir skilyrði 12. greinar til að hljóta rétt til örorkulífeyris og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig rétt á barnalífeyri úr sjóðnum til 2024 ára aldurs eins og nánar er kveðið á um í þessum kafla, enda hafi hinn látni

a. greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir andlátið eða 6 mánuði af undanfarandi 12 eða

b. notið ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum sem svarar til minnst 60.000-kr. 90.000 á mánuði.

Við mat á því hvort framangreindum skilyrðum er fullnægt er sjóðstjórn rétt að taka mið af efnisreglu greinar 12.2. að breyttu breytanda.

14.2. Sama rétt til lífeyris öðlast börn fædd eða ættleidd fyrir starfsorkumissi sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris úr sjóðnum. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

14.3. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti í hjónabandi eða sambúð, skulu eiga rétt á barnalífeyri enda hafi sjóðfélagi ekki hafið töku ellilífeyris. Réttur þessi er háður því að barnið njóti ekki barnalífeyris frá öðrum umfram einfalt meðlag innan þeirra marka sem lög almannatryggingalaga setja um fjárhæð meðlags. Skulu lífeyrisgreiðslur vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

14.4. Hafi sjóðfélagi á viðmiðunartímabili skv. 14.1. greitt iðgjald að meðaltali af mjög lágum iðgjaldsstofni, kr. 600.000 eða lægra, skal lækka barnalífeyri hlutfallslega þar til hann falli niður hafi iðgjaldsstofn svarað til minna en helmings af ofangreindri viðmiðun. Með sama hætti skal lækka barnalífeyri hlutfallslega með börnum elli- eða örorkulífeyrisþega séu réttindi þeirra svo takmörkuð að lífeyrir sé lægri en kr. ~~120.000~~-180.000 á mánuði og falla greiðslur barnalífeyris niður sé elli- eða örorkulífeyrir foreldris minni en kr. ~~60.000~~90.000 á mánuði.

14.5. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

14.6. Fullur barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega er kr. ~~20.000~~13.142 á mánuði. ~~eða 10% af úrskurðuðum örorkulífeyri hvort sem er hærra.~~ Barnalífeyrir sem greiddur er með hverju barni látins sjóðfélaga er kr. ~~17.888~~30.000 á mánuði ~~eða 20% af makalífeyrisréttindum hvort sem er hærra.~~ Falli sjóðfélagi og maki hans frá skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir reiknaður á sama hátt með hverju

barni. Lágmarksfjárhæðir–Fjárhæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs skv. grein 18.5.

14.7 Barnalífeyrir greiðist framfæranda barns til 18 ára aldurs þess en eftir það til lífeyrisþega.

14.8 Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur niður þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris.

Lagðar eru til breytingar á greinum 14.1, 14.4, 14.6 og bætt við nýrri grein,14.8.

Í gr. 14.1. er lagt er til að í stað þess að greiddur sé barnalífeyrir til 24 ára aldurs barns, sé lífeyrir greiddur til 20 ára aldurs. Þá eru lágmarksfjárhæðir uppfærðar miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í apríl 2015.

Í gr. 14.4. eru lágmarksfjárhæðir uppfærðar miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í apríl 2015.

Í gr. 14.6. eru fjárhæðir barnalífeyris tilgreindar. Í stað þess að miða við hlutfall af lífeyrisréttindum, er nú miðað við fastar fjárhæðir, kr. 20.000 á mánuði við örorku sjóðfélaga og kr. 30.000 á mánuði við andlát. Þá er greiddur tvöfaldur barnalífeyrir falli sjóðfélagi og maki hans frá.

Í gr. 14.8. er kveðið á um það að barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku falli niður þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris. Ekki hefur verið tekið með skýrum hætti á þessu í samþykktum til þessa og þetta þykir eðlilegt í ljósi þess að þar sem örorkulífeyrir reiknast sem 75% af ellilífeyri, hækka lífeyrisgreiðslur við það að örorkulífeyrisþegi hefur töku ellilífeyris og því er ekki talin þörf á því að greiða áfram barnalífeyri.

# TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA OG RÖKSTUÐNINGUR

LAGT FRAM Á ÁRSFUNDI SJÓÐSINS 6. MAÍ 2015

---

## ***Breytingar á 11. gr. um ellilífeyri***

11.5. Iðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir 65 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. ~~Greiða skal þó ellilífeyri eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn og þá án sérstakrar umsóknar.~~ Ellilífeyrir sem aflað er skv. töflu IV hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflunni. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 13. greinar.

Ákvæði um að sjóðnum sé skylt að greiða ellilífeyri án umsóknar eftir 70 ára afmælisdag sjóðfélaga er tekið út. Ekki er hægt að tryggja að sjóðurinn hafi upplýsingar um hvert á að greiða og er með þessu verið að koma í veg fyrir að sjóðurinn hafi skyldur sem ekki er hægt að uppfylla.

# TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA – RÖKSTUÐNINGUR

LAGT FRAM Á ÁRSFUNDI SJÓÐSINS 6. MAÍ 2015

---

12. gr.

## Örorkulífeyrir.

12.1. Skilyrði þess að sjóðfélagi eigi rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi skv. 10. gr. og nánari skilmála þessa kafla er að hann:

- a. sé yngri en 65 ára.
- b. hafi orðið fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% orkutaps eða meira.
- c. hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% örorku eða meira á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi skv. 10. gr. og nánari skilmála þessa kafla. Auk áunninna réttinda skv. framanskráðu á sjóðfélagi rétt á örorkulífeyri miðað við framreikning á því, hvað ætla má að hefðu orðið réttindi hans við áframhaldandi iðgjaldsgreiðslur skv. nánari skilmálum þessa kafla. Skilyrði framreikningsréttar eru að sjóðfélaginn hafi:

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og a.m.k. kr. 900.000 hvert þessara þriggja ára. Hafi sjóðfélagi unnið reglubundið hlutastarf á tímabilinu skal miða við að lágmarksiðgjald hafi verið a.m.k. kr. 600.000.

b. greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum.

c. orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.

d. Ekki sjálfur átt sök á orkutapi t.d. vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fikniefna.

12.2. Auk áunninna réttinda, skv. gr. 12.1, kann sjóðfélagi að eiga rétt á örorkulífeyri miðað við framreikning á því, hvað ætla má að hefðu orðið réttindi hans við áframhaldandi iðgjaldsgreiðslur skv. nánari skilmálum þessa kafla. Auk þeirra skilyrða sem þurfa að vera uppfyllt skv. gr. 12.1 eru skilyrði framreikningsréttar að sjóðfélaginn hafi:

a. greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og a.m.k. kr. 1.350.000 hvert þessara þriggja ára. Hafi sjóðfélagi unnið reglubundið hlutastarf á tímabilinu skal miða við að lágmarksiðgjald hafi verið a.m.k. kr. 900.000.

b. greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum.

c. ekki sjálfur átt sök á orkutapi t.d. vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fikniefna.

Séu sérstakar ástæður, þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt framangreind skilyrði þessarar greinar. 12.1. um iðgjaldsgreiðslutíma er sjóðstjórn heimilt að stytta áskilinn tíma í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku-orkutaps verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap.

Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði allt að 24 mánuði vegna náms, leyfis frá störfum, barneigna, eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eftir sex mánuði frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði miðað við framreiknuð réttindi, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs sbr. þó ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða.

- 12.3. Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 14.6. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið, sbr. a) lið gr. 12.6. um framreikning. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka þeim breytingum sem verða á launavísitölu. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum, kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna ~~örorkunnar~~orkutapsins, að undanskilinni skírteinistryggingu, og fjármagnstekna sem stafa frá eigin atvinnustarfsemi örorkulífeyrisþega eða félagi sem myndað er utan um slíka atvinnustarfsemi örorkulífeyrisþega. Í úrskurði um lífeyri skal greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megji vera ljóst við hvaða mörk lækkan örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.
- 12.4. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið. Hundraðshluta starfsorkumissis eða ~~örorku~~orkutaps og tímasetning þessu ~~hennar~~ skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og áliti trúnaðarlæknis sjóðsins. Hundraðshluti örorku skal ákvarðaður með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum nema ~~Hafi~~ sjóðfélaginn hafi greitt iðgjöld til sjóðsins í að minnsta kosti 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum fyrir ~~starfsorkumissinn~~orkutapið. Þá skal mat ~~örorku~~orkutapsins aðallega miða við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Sjóðfélagi sýnir fram á vanhæfni sína til að gegna því starfi með því að leggja fram staðfestingu á því að honum hafi verið hafnað af fluglækni um útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs. Mat á orkutapi sjóðfélaga, skv. þessari málsgrein ~~Slíkt~~ mat skal gilda í eitt ár frá því að sjóðfélaga er úrskurðaður örorkulífeyrir en eftir það skal hundraðshluti ~~örorku~~orkutaps vera metinn sem meðaltal ~~örorku~~orkutaps til almennra starfa og ~~orkutaps~~örorku til að gegna því starfi sem tengt er aðild hans að sjóðnum.

Hafi sjóðfélagi ekki greitt iðgjöld til sjóðsins í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum fyrir orkutapið skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til að gegna almennum störfum.

Heimilt er að fengnu áliti trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu. Orkutap skal endurmetið eftir því sem stjórn eða trúnaðarlæknir sjóðsins telja ástæðu til.

- 12.5. Þegar skilyrði fyrir framreikningi réttinda 12.1.um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við 75% af áunnum lífeyrisrétti samkvæmt 10. gr. að viðbættum 75% af lífeyri sem svarar til þeirra réttinda sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér með iðgjaldsgreiðslum fram til 65 ára aldurs, reiknað samkvæmt grein 12.6. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs sbr. þó ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða.
- 12.6. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt á framreikningi réttinda samkvæmt gr. 12.5., skal um þann framreikning fara sem hér segir:
- Reikna skal meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta þriggja ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 6 ár aftur í tímann. Við útreikning meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 4 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 6 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu I í viðauka A. Svari meðaliðgjaldið til hærri árslauna en kr. 9.000.000/13.500.000, skal miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með árlegu iðgjaldi af kr. 9.000.000/13.500.000. Iðgjaldshlutfallið skal vera hið sama og hjá meðaliðgjaldinu.
  - Hafi sjóðfélagi fyrir orkutapið látið af því starfi sem iðgjöld hans byggðu á, þannig að tekjusaga fortíðar þyki að mati sjóðstjórnar ekki gefa trúverðuga vísbendingu um tekjutap hans í framtíðinni, er sjóðstjórn sjóðsins heimilt að leggja til grundvallar mati á tekjutapi skv. gr. 12.5. áætlaðar framtíðartekjur umsækjanda í nýju starfi að hálfu leyti á móti útreikningi skv. a. lið, sem hafi þá 50% vægi við útreikning á tekjuviðmiði til framreiknings.
  - Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið lægri en svo að svaraði til 4.500 þúsund krónakr. 6.750.000 árslauna fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árlegar iðgjaldsgreiðslur hafa svarað til lægri árslauna en kr. 4.500.000–6.750.000 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóðsins.
- 12.7. Örorkulífeyrir er sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið. Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur nema hann hafi fyrir þann tíma þegar fallið niður ef ákvæði samþykktanna leiddu til þess. og eins ef starfsorka eykst eða tekjur aukast þannig að skilyrðum gr. 12.1. er ekki lengur fullnægt. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn að hækka örorkulífeyrinn ef orkutapið vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri

ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er orkutapið óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

12.8. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Heimilt er að fengnu álit trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu. Áunnin ellilífeyrisréttindi örorkulífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við fyrsta úrskurð örorku með teknu tilliti til:

a. framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta örorkulífeyris af hámarksörorkulífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.

b. aukningar eða skerðingar réttinda sem kann að hafa komið til eftir að taka örorkulífeyris hófst.

12.9. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömu leiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur og annað, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélaga og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.

12.10 Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur og eins ef starfsorka eykst eða tekjur aukast þannig að skilyrðum gr. 12.1. er ekki lengur fullnægt. Áunnin réttindi örorkulífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við fyrsta úrskurð örorku að viðbættum réttindum vegna:

—— a. framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta örorkulífeyris af hámarksörorkulífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.

—— b. aukningar eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka örorkulífeyris hófst.

Tilgangur breytinga á 12. gr. er að einfalda og samræma orðalag. Jafnframt er uppsetningu breytt til einföldunar og skýringar. Ekki eru gerðar breytingar á greininni sem snúa að réttindum sjóðfélaga en reynt er að skýra einstakar greinar betur og er þá tekið mið af verklagi sem tíðkast hefur hjá sjóðnum.

Fjárhæðir í gr. 12.2. (áður gr. 12.1) eru uppfærðar miðað við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í apríl 2015. Síðasta málsgrein í 12.2., um rétt til greiðslu úr sjóðnum ef greitt hefur verið í annan sjóð líka, er flutt úr gr. 12.5.

Í gr. 12.4. er gert ráð fyrir því að til að fá framreikning örorku þurfi sjóðfélagi sýni fram á vanhæfni sína til að gegna því starfi sem hann hefur gegnt með því að leggja fram staðfestingu á því að honum hafi verið hafnað af fluglækni um útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs. Þetta hefur tíðkast hjá sjóðnum en á sér ekki trausta stoð í samþykktum. Gert er ráð fyrir því að fyrstu 12 mánuðina eftir orkutap miðist örorkugreiðslur við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna fyrra starfi en eftir það, að undangengnu mati trúnaðarlæknis, að hálfu við almenn störf og því starfi sem tengt er aðild hans að sjóðnum. Er það óbreytt verklag frá því sem verið hefur.

Ennfremur er í gr. 12.4 kveðið á um heimild til þess, að fengnu áliti trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt geti heilsufar hans. Ákvæði þetta var í gr. 12.8. og er þetta í samræmi við ákvæði laga 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í gr. 12.6. eru fjárhæðir uppfærðar miðað við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í apríl 2015.

Röð ákvæða í gr. 12.7 – 12.10 er breytt og ákvæði gr. 12.10 felld inn í greinar 12.7 og 12.8. Grein 12.10 fellur þá niður.

# TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA OG RÖKSTUÐNINGUR

## LAGT FRAM Á ÁRSFUNDI SJÓÐSINS 6. MAÍ 2015

---

### 18. gr.

#### *Greiðsla lífeyris.*

- 18.1 Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á. Hann reiknast frá og með þeim degi sem lífeyrisréttur stofnast og til og með þeim degi, sem lífeyrisréttur fellur niður.
- 18.2 Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg og henni skulu fylgja þau gögn sem nauðsynleg eru að mati sjóðstjórnar til að úrskurða um lífeyri. Láti umsækjandi sjóðnum ekki í té tilskildar upplýsingar er honum rétt að vísa umsókn frá. Þá er lífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans. Ellilífeyrir er greiddur eftir að umsókn berst sjóðnum og greiðist ekki aftur í tímann. Berist umsókn eftir að 70 ára aldri er náð er þó heimilt að greiða ellilífeyri aftur í tímann til 70 ára aldurs. Aldrei skal stjórn sjóðsins skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en fjögur ár. Greiðslur lífeyris takmarkast við fjögur ár aftur í tímann, reiknað frá byrjun mánaðar er umsókn berst sjóðnum.
- 18.3 Það getur varðað réttindamissi ef umsækjandi um lífeyri leggur vísitandi fram rangar upplýsingar, sem til þess eru fallnar að auka lífeyrisgreiðslur honum til handa umfram það sem hann á rétt á. Ennfremur ef lífeyrisþegi vísitandi leynir sjóðinn breytingum á aðstæðum, sem áhrif hafa á rétt til lífeyris.
- 18.4 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð sem svarar til a.m.k. ~~5.000~~, kr. 7.500 á mánuði og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi skv. reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.
- 18.5 Þar sem samþykktir þessar tilgreina fjárhæðir í krónum talið, miðast verðgildi þeirra við gildi vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í apríl 2013/maí 2015 sem er 426,4411,5 og skulu fjárhæðir endurreiknaðar mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni, nema annað sé tekið fram í viðkomandi grein

Lagðar eru til breytingar á greinum 18.2, 18.4 og 18.5.

Í gr. 18.2 er áréttað að ellilífeyrir greiðist ekki aftur í tímann. Er þetta í samræmi við túlkun Fjármálaeftirlitsins og Fjármála- og efnahagsráðuneytisins á lögum 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða um að óheimilt sé að greiða ellilífeyri afturvirk. Þetta á þó ekki við um það þegar 70 ára aldri er náð og seinkun lífeyristöku hefur ekki réttindaaukningu í för með sér. Ákvæðið á ekki heldur við um

örorku- barna- eða makalífeyri en skylda sjóðsins takmarkast þá við greiðslur aftur í tímann í fjögur ár, sem er í samræmi við lög um fyrningu.

Í gr. 18.4 eru fjárhæðir uppfærðar miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í apríl 2015.

Í gr. 18.5. er viðmiðunarvísitala uppfærð.

# TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA OG RÖKSTUÐNINGUR

LAGT FRAM Á ÁRSFUNDI SJÓÐSINS 6. MAÍ 2015

---

## 21. gr.

### *Málsmeðferð og gerðardómur.*

21.1. Um málsmeðferð sjóðsstjórnar, í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðnum, gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum, eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.

21.2. Vilji sjóðsfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað málinu til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því honum var tilkynnt var um úrskurðinn sjóðsstjórnar.

Gerðardómurinn skal skipaður þremur gerðarmönnum, einum tilnefndum af sjóðfélaga, einum af lífeyrissjóðnum og öðdamanni tilnefndumskal formaður gerðardómsins skipaðurtilnefndur af Fjármálaeftirlitinhéraðsdómi Reykjavíkur. Gerðarmenn skulu vera óvilhallir og sjálfstæðir við framkvæmd starfa sinna.

~~Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er þá skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Úrskurður gerðardómsins~~Úrlausn gerðardómsins er endanleg og bindandi fyrir báða aðila. Gerðardómurinn skal skipta kostnaði við gerðarmeðferðina, þ.m.t. þóknun gerðarmanna og mMálskostnaði skal skiptaaðila, á milli málsaðila eftir mati gerðardómsins, en þó skal sjóðfélagi aldrei gert að ekki greiða meira en sem nemur þriðjungi heildarkostnaðar við gerðarmeðferðina1/3 málskostnaðar. Að öðru leyti gilda um störf gerðardómsins ákvæði laga Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer að öðru leyti samkvæmt lögum um sammingsbundna gerðardóma.

Lagðar eru til breytingar á ákvæðum greina 21.1 og 21.2 um málsmeðferð og gerðardóm. Um er að ræða orðalagsbreytingar, þannig að greinarnar verði skýrari, og gert ráð fyrir því að formaður gerðardóms verði skipaður af héraðsdómi Reykjavíkur.

# TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA OG RÖKSTUÐNINGUR

LAGT FRAM Á ÁRSFUNDI SJÓÐSINS 6. MAÍ 2015

## Breytingar á réttindatöflum

Viðauki I - Réttindatöflur EFÍA sem gilda frá og með 1. janúar 2016<sup>09</sup>

TAFLA I Árlegur lífeyrir frá 65 ára aldri fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald

Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi
16	<u>2.9443.193</u>	26	<u>1.9212.094</u>	36	<u>1.3771.503</u>	46	<u>1.058 1.158</u>	56	<u>817885</u>
17	<u>2.8363.078</u>	27	<u>1.8492.016</u>	37	<u>1.3391.463</u>	47	<u>1.031 1.128</u>	57	<u>797861</u>
18	<u>2.7092.941</u>	28	<u>1.7821.943</u>	38	<u>1.3031.424</u>	48	<u>1.005 1.100</u>	58	<u>778838</u>
19	<u>2.5862.808</u>	29	<u>1.7191.874</u>	39	<u>1.2681.386</u>	49	<u>979 1.071</u>	59	<u>759816</u>
20	<u>2.4722.685</u>	30	<u>1.6601.810</u>	40	<u>1.2351.351</u>	50	<u>954 1.043</u>	60	<u>741795</u>
21	<u>2.3672.570</u>	31	<u>1.6051.750</u>	41	<u>1.2031.316</u>	51	<u>930 1.015</u>	61	<u>724774</u>
22	<u>2.2662.462</u>	32	<u>1.5531.694</u>	42	<u>1.1721.283</u>	52	<u>906 988</u>	62	<u>708753</u>
23	<u>2.1712.361</u>	33	<u>1.5051.642</u>	43	<u>1.1421.250</u>	53	<u>883 961</u>	63	<u>692734</u>
24	<u>2.0822.266</u>	34	<u>1.4601.593</u>	44	<u>1.1141.219</u>	54	<u>860 935</u>	64	<u>677714</u>
25	<u>1.9992.176</u>	35	<u>1.4181.547</u>	45	<u>1.085 1.188</u>	55	<u>838 910</u>	65	

TAFLA II Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 65 ára aldur

Taka ellilífeyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun
64-65 ára	<u>0,68%0,66%</u>	64	<u>8,16%-7,92%</u>
63-64 ára	<u>0,61%0,60%</u>	63	<u>15,48%-15,12%</u>
62-63 ára	<u>0,55%0,54%</u>	62	<u>22,08%-21,60%</u>
61-62 ára	<u>0,50%0,49%</u>	61	<u>28,08%-27,48%</u>
60-61 ára	<u>0,45%0,44%</u>	60	<u>33,48%-32,76%</u>

TAFLA III Hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 65 ára aldur

Taka ellilífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
65-66 ára	<u>0,62%0,74%</u>	66	<u>7,44%-8,88%</u>
66-67 ára	<u>0,70%0,83%</u>	67	<u>15,84%-18,84%</u>

67-68 ára	<del>0,79%</del> <u>0,76%</u>	68	<del>25,32%</del> <u>27,96%</u>
68-69 ára	<del>0,89%</del> <u>0,86%</u>	69	<del>36,00%</del> <u>38,28%</u>
69-70 ára	<del>1,01%</del> <u>0,97%</u>	70	<del>48,12%</del> <u>49,92%</u>

TAFLA IV Árlegur lífeyrir frá 65 til 70 ára aldurs fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald

Aldur	Lífeyris- réttindi	Taka lífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Samtals hækkun við aldur			
				67	68	69	70
65	<u>697737</u>	66	<del>0,64%</del> <u>0,63%</u>	<del>7,68%</del> <u>7,56%</u>	<del>15,72%</del> <u>15,36%</u>	<del>24,12%</del> <u>23,40%</u>	<del>32,76%</del> <u>31,80%</u>
66	<u>718762</u>	67	<del>0,67%</del> <u>0,65%</u>		<del>8,04%</del> <u>7,80%</u>	<del>16,44%</del> <u>15,84%</u>	<del>25,08%</del> <u>24,24%</u>
67	<u>741788</u>	68	<del>0,70%</del> <u>0,67%</u>			<del>8,40%</del> <u>8,04%</u>	<del>17,04%</del> <u>16,44%</u>
68	<u>765816</u>	69	<del>0,72%</del> <u>0,70%</u>				<del>8,64%</del> <u>8,40%</u>
69	<u>792847</u>	70					